



**Viðmið Alþjóðaráðsins um
sjálfbærni í ferðapjónustu (GSTC –
Global Sustainable Tourism
Council)**

**Útgáfa 3
21. desember 2016**

og

**Frammistöðuvísar
fyrir ferðaskipuleggjendur**

ásamt samsvarandi markmiðum um sjálfbæra þróun



GSTC-viðmiðin
Iðnaður – Ferðaskipuleggjendur

© The Global Sustainable Tourism Council, 2016. Öll réttindi áskilin
The Global Sustainable Tourism Council
PO Box 96503
Washington, DC 20090 USA
info@gstcouncil.org
www.gstcouncil.org

Inngangsorð

Viðmið Alþjóðaráðsins um sjálfbærni í ferðaþjónustu (GSTC-viðmiðin) voru lögð fram til að skilgreina sameiginlegan skilning á „sjálfbærri ferðaþjónustu“ og eru lágmarksviðmið sem öll fyrirtæki í ferðaþjónustu ættu að stefna að. Viðmiðin byggja á fjórum meginþemum: skilvirk sjálfbærniáætlun, háþyrðing á félagslegum og efnahagslegum ávinningi fyrir nærsamfélagið, upphafning menningararfs og lágþyrðing á neikvæðum umhverfisáhrifum. Þau eiga við um alla ferðaþjónustu.

Viðmiðin hafa verið þróuð og endurskoðuð samhliða því sem leitast er við að fylgja stöðlunarreglum ISEAL Alliance, sem er sú stofnun sem er viðurkennd sem leiðbeinandi aðili um alþjóðlegar reglur um þróun sjálfbærniáætlana á öllum sviðum. Viðmiðin eru endurskoðuð á 3 til 5 ára fresti. Á www.gstcouncil.org er hægt að nálgast áætlanir um endurskoðanir og forskrá sig til að koma með ábendingar fyrir væntanlegar endurskoðanir. Á vefsvæðinu er einnig að finna upplýsingar um ferli og sögu þróunar viðmiðanna.

Beiting viðmiðanna felur m.a. í sér eftirfarandi:

Að skapa grundvöll fyrir sjálfbærniáætlun

- Að vera leiðbeinandi fyrir fyrirtæki af öllum stærðum um aukna sjálfbærni og auðvelda fyrirtækjum að velja sjálfbærar ferðaáætlanir sem uppfylla alþjóðlegu viðmiðin
- Að veita aukinn markaðsaðgang á vaxandi markaði fyrir sjálfbærar vörur sem er bæði leiðbeinandi fyrir ferðamenn og fyrir ferðaskrifstofur við val á birgjum og sjálfbærum ferðaþjónustuaðilum
- Að auðvelda neytendum að finna og auðkenna sjálfbær ferðaþjónustutilboð og -fyrirtæki
- Að vera samnefnari fyrir upplýsingamiðla til að greina og auðkenna sjálfbæra ferðaþjónustuveitendur
- Að tryggja að vottunaraðilar og aðrir aðilar sem veita óskilið gæðaeftirlit geti sannreynt að viðmiðin uppfylli almennar grunnkröfur sem viðtæk sátt er um
- Að tryggja opinberum aðilum, félagsamtökum og einkaaðilum sameiginlegan upphafspunkt við þróun á kröfum fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu
- Að veita grunnleiðbeiningar fyrir fræðslu- og þjálfunaraðila, svo sem hótelskóla og háskóla
- Að sýna forystu sem hvetur aðra til að láta gott af sér leiða

Viðmiðin tilgreina *hvað* á að gera, *ekki hvernig* á að gera það eða hvort tilteknu markmiði hefur verið náð. Til að staðfesta það eru notaðir frammistöðuvísar, tilheyrandi fræðsluefni og aðgangur að verkfærum til innleiðingar, en allt eru þetta ómissandi viðbætur við GSTC-viðmiðin.

Beiting viðmiðanna

Ráðlagt er að öllum viðmiðunum sé beitt upp að því marki sem mögulegt er, nema viðmiðin eigi ekki við í sértækum aðstæðum og það teljist réttlætandi að beita þeim ekki. Kringumstæður þar sem viðmiðin eiga ekki við fyrir tiltekna ferðaþjónustuvöru geta komið upp og ráðist af staðbundnum reglugerðum og umhverfislegum, félagslegum, efnahagslegum eða menningarlegum aðstæðum á hverjum stað. Þegar um er að ræða örfyrirtæki og ferðaþjónustufyrirtæki í samfélagslegri eigu sem hafa lítil félagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg áhrif, er ljóst að fjárhagslegar takmarkanir geta staðið í vegi fyrir viðtækri beitingu allra viðmiðanna. Frekari leiðbeiningar um þessi viðmið má finna í viðbótarvísunum og hugtakalista sem GSTC gefur út.

Frammistöðuvísar

Frammistöðuvísarnir sem hér er lýst eru þróaðir sem leiðbeinandi verkfæri fyrir ferðaskipuleggjendur til að mæla fylgni við GSTC-viðmiðin.

Drög að þessum vísam verða uppfærð reglulega eftir því sem unnið er úr nýjum upplýsingum. Ef þú vilt koma með tillögur að nýjum vísam eða öðrum úrbótum skaltu senda þær á accreditation@gstccouncil.org.

Samsettir vísar og viðmið

Þetta skjal inniheldur viðmiðin og frammistöðuvísana.

GSTC-VIÐMIÐ FYRIR FERÐASKIPULEGGJENDUR

Viðmið	Vísar	MARKMIÐ UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN
HLUTI A: Skilvirk, sjálfbær stjórnun í verki		
A1 Sjálfbærnistjórnunarkerfi Fyrirtækið hefur innleitt stjórnunarkerfi til langs tíma sem er sniðið að stærð þess og umfangi. Kerfið tekur á umhverfis-, samfélags-, menningar-, efnahags-, heilbrigðis-, öryggis-, gæða- og mannréttindamálum, áhættustjórnun og krísustjórnun og hvetur til stöðugra umbóta.	a. Sjálfbærnistjórnunarkerfið (SBS-kerfið) er skjalfest með skýrum hætti. b. SBS-kerfið tekur til umhverfis-, samfélags-, menningar-, efnahags-, heilbrigðis-, öryggis-, gæða- og mannréttindamála. c. SBS-kerfið tekur mið af áhættu- og krísustjórnun. d. Innleiðingu sjálfbærnistjórnunarkerfisins er lýst með skjalfestum hætti. e. SBS-kerfið felur í sér ferli sem nota má til að fylgjast með stöðugum úrbótum á sjálfbærnitengdum þáttum.	ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA
A2 Laga- og reglufylgni Hvert fyrirtæki eða stofnun fylgir öllum gildandi staðbundnum, innlendum og alþjóðlegum lögum og reglugerðum, þar á meðal í heilbrigðis-, öryggis-, vinnu- og umhverfismálum.	a. Listi yfir öll gildandi lagaskilyrði er til staðar og uppfærður reglulega. b. Vottorð eða önnur skrifleg gögn staðfesta að farið sé að öllum viðeigandi lagaskilyrðum. c. Lagaskilyrði í öllum starfslöndum eru skiljanleg og þau uppfyllt.	FRÍÐUR OG RÉTTLÆTI

<p>A3 Skýrslugjöf og samskipti</p> <p>Hvert fyrirtæki eða stofnun miðlar sjálfbærnistefnu sinni, aðgerðum og frammistöðu til hagsmunaaðila, þ.m.t. viðskiptavina, og leitast eftir stuðningi þeirra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Skýrslur um frammistöðu á sviði sjálfbærni eru birtar reglulega. b. Skýrslum um stefnur og aðgerðir á sviði sjálfbærni er miðlað í jafnt innri samskiptakerfum sem og á opnum vettvangi. c. Neytendum og hagsmunaaðilum er boðið að taka þátt í starfinu með virkum boðskiptum. 	<p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p> <p>SAMVINNA UM MARKMIÐIN</p>
<p>A4 Virk þátttaka starfsfólks</p> <p>Hvatt er til virkrar þátttöku starfsfólks í þróun og innleiðingu sjálfbærnistjórnarkerfisins og starfsfólk fær reglulega fræðslu og þjálfun um hlutverk sitt og ábyrgðarsvið að því er varðar virkni kerfisins.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Gögn um aðkomu starfsfólks að innleiðingu SBS-kerfisins liggja fyrir. b. Gögn um námskeið og starfsþjálfun sem farið hefur fram á vinnustað, með viðveruskram, liggja fyrir. c. Þjálfunar- og fræðsluefni fyrir starfsfólk er í boði á aðgengilegu sniði (þar með talin notkun tungumála minnihlutahópa sé þess þörf). d. Starfsfólk hefur skirteini og réttindi á viðeigandi fagsviðum/hæfnisviðum. 	<p>FRÆÐSLA Í GÆÐAMÁLUM</p> <p>SAMVINNA UM MARKMIÐIN</p>
<p>A5 Upplifun viðskiptavinar</p> <p>Fylgst er með ánægju viðskiptavina, þ.m.t. sjálfbærnitengdum þáttum, og gripið til aðgerða til úrbóta þegar þörf krefur.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Endurgjafarkerfi fyrir viðskiptavinum er til staðar ásamt greiningu á niðurstöðunum. b. Neikvæðar athugasemdir og svör við þeim eru skráð. c. Gögn um aðgerðir til úrbóta liggja fyrir. d. Endurgjöf frá viðskiptavinum er sendi til ferðaþjónustufyrirtækja og þeirra áfangastaða sem fyrirtækið hefur samstarf við / eru heimsóttir. 	<p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>A6 Réttar upplýsingar í kynningarstarfi</p> <p>Upplýsingar í kynningar- og markaðssetningarefni um fyrirtækið, vörur þess og þjónustu eru réttar og gagnsæjar, þ.m.t. fullyrðingar um sjálfbærni. Ekki eru gefin fyrirheit sem ekki er staðið við.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Myndir sem notaðar eru í kynningarstarfi gefa raunhæfa mynd af upplifuninni sem boðið er upp á og stöðunum sem viðskiptavinir heimsækja. b. Markaðssetning tengd villtum dýrum eða menningarviðburðum gefur ekki fyrirheit um að viðskiptavinir muni sjá eða upplifa eitthvað sem ekki er hægt að ábyrgjast. c. Fullyrðingar um sjálfbærni byggja á skjalfestri frammistöðu. 	<p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>A7 Byggingar og innviðir</p> <p>Áætlanagerð, staðsetning, hönnun, bygging, endurbygging, notkun og niðurrif bygginga og innviða ...</p>	<p>Vísar fyrir A7-viðmið tengjast byggingum og innviðum sem eru í eigu og rekstri fyrirtækisins, eða sem fyrirtækið hefur bein áhrif á / yfirráð yfir.</p>	

<p>A7.1 Reglufylgni</p> <p>... að fylgja skipulagskröfum og lögum sem varða vernduð og viðkvæm svæði og lögum um arfleifð.</p>	<p>a. Sýnt er fram á meðvitund um og fylgni við lög um landnýtingu og starfsemi á viðkomandi landsvæði.</p> <p>b. Öll tilskilin leyfi og heimildir liggja fyrir og eru í gildi.</p> <p>c. Sýnt er fram á meðvitund um og fylgni við ólögboðnar stjórnunaráætlanir á viðkomandi svæði og leiðbeiningar (t.d. fyrir tiltekin svæði, hönnun o.s.frv.).</p>	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>LÍF Á LANDI</p>
<p>A7.2 Áhrif og friðhelgi</p> <p>... að taka mið af afkastagetu og friðhelgi náttúru og menningarlegs umhverfis á hverjum stað.</p>	<p>a. Val á staðsetningu, hönnun og aðgengi taka mið af sjónrænu aðgengi, landlagi, menningararfi og náttúruminum.</p> <p>b. Við val á staðsetningu, hönnun og aðgengi hefur verið tekið tillit til verndar líffræðilega viðkvæmra svæða og aðlögunarhæfni vistkerfa.</p> <p>c. Þess hefur verið gætt að standa vörð um friðhelgi fornminja, menningararfs og helgistaða.</p> <p>d. Hugað hefur verið að varðveislu og tengsla náttúruminja og verndarsvæða.</p> <p>e. Friðaðar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu hafa ekki verið fluttar frá náttúrulegum heimkynnum sínum og áhrif á heimkynni villtra dýra hafa verið lágmarkuð.</p> <p>f. Vatnsföllum/vatnasviðum/votlendi hefur ekki verið raskað og frárennsli verið minnkað þar sem hægt er, allar efnaleifar fjarlægðar eða beint í réttan farveg og síaðar.</p> <p>g. Áhættuþættir (þ.m.t. loftslagsbreytingar, náttúrufyrirbæri og öryggi gesta) hafa verið metnir og brugðist við þeim.</p> <p>h. Mat á áhrifum (þ.m.t. samanlögðum áhrifum) hefur verið framkvæmt og skjalfest eftir því sem við á.</p>	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p>
<p>A7.3 Sjálfbærar starfsvenjur og efniviður</p> <p>... beiting staðbundinna og sjálfbærra starfsvenja og efniviðar.</p>	<p>a. Staðbundinn efniviður, starfsvenjur og handverk hefur verið notað við gerð og hönnun bygginga, þar sem það er hægt og á við.</p> <p>b. Plöntur af svæðinu og landlægar plöntur sem aflað er á sjálfbæran hátt hafa verið notaðar við landslagshönnun og -mótun og forðast er að nota framandi og ágengar tegundir.</p> <p>c. Við val á plöntum er tekið mið af hæfni plöntunnar til að dafna við ríkjandi eða fyrirhuguð skilyrði, t.d. mikinn þurrk.</p> <p>d. Sjálfbær hönnun, efni og byggingaraðferðir hafa verið notaðar í byggingum, með</p>	<p>NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING</p> <p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>

	<p>viðeigandi vottun þar sem því verður við komið.</p> <p>e. Úrgangur frá byggingarstarfsemi er flokkaður og honum fargað á umhverfisvænan hátt.</p>	
<p>A7.4 Aðgengi fyrir alla</p> <p>... að veita aðgengi og upplýsingar fyrir fólk með sérþarfir, þar sem við á.</p>	<p>a. Staðir, byggingar og afþreying eru aðgengileg einstaklingum með líkamlega fötlun og aðrar sérþarfir, eftir því sem við á miðað við eðli starfseminnar.</p> <p>b. Skýrar og nákvæmar upplýsingar eru veittar um aðgengi.</p> <p>c. Aðgengi er vottað eða kannað af viðeigandi sérfræðingum/notendahópum.</p>	<p>NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING</p> <p>AUKINN JÖFNUÐUR</p>
<p>A8 Land, vatn og eignarréttur</p> <p>Öll kaup fyrirtækisins á land- og vatnsréttindum og fasteignum eru lögleg, fara fram í samræmi við réttindi og samfélagsgerð innfæddra á svæðinu og að fengnu óþvinguðu, fyrirfram og upplýstu samþykki þeirra, og krefjast ekki fólksflutninga gegn vilja innfæddra á svæðinu.</p>	<p>a. Á athafnasvæðum í eigu og undir stjórn fyrirtækisins, eða svæða sem fyrirtækið hefur bein áhrif á / yfirráð yfir, er eignar- og leiguréttur á landi skjalfestur.</p> <p>b. Notkunar- og aðgangsréttur að mikilvægum auðlindum, þ.m.t. land- og vatnsréttindi, eru skjalfest þar sem við á.</p> <p>c. Skjalfest gögn liggja fyrir um samskipti, samráð og virk tengsl við samfélag heimamanna og innfæddra.</p> <p>d. Skjalfest gögn um frjálst, fyrirfram og upplýst samþykki sveitarfélaga liggja fyrir, þar sem við á (sýna fram á að engir þvingaðir fólksflutningar eða sala á landi hafi átt sér stað).</p>	<p>ENGIN FÁTÆKT</p> <p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p>
<p>A9 Upplýsingagjöf og nánari skýringar</p> <p>Fyrirtækið veitir upplýsingar um og nánari skýringar á náttúrulegu umhverfi, staðbundinni menningu og menningararfi, ásamt því að skýra viðeigandi hegðun við heimsóknir á náttúrusvæði, menningarsamfélög og við skoðun menningarminja.</p>	<p>a. Upplýsinga-/skýringarefni um náttúru- og menningarminja þeirra svæða sem eru heimsótt eru aðgengilegar og veittar viðskiptavinum.</p> <p>b. Starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu um náttúruminja og menningararf á þeim svæðum sem eru heimsótt.</p> <p>c. Viðskiptavinir fá upplýsingar um viðeigandi hegðun á þeim svæðum sem eru heimsótt.</p>	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>A10 Virk þátttaka á áfangastað</p> <p>Fyrirtækið tekur þátt í skipulagningu og umsýslu sjálfbærrar ferðaþjónustu á áfangastað, þar sem tækifæri gefast.</p>	<p>a. Fyrirtækið er í sambandi við staðbundna umsýsluaðila á áfangastaðnum, eða sambærilegan aðila á þeim stöðum þar sem fyrirtækið er með virka starfsemi.</p> <p>b. Fyrirtækið tekur virkan þátt í skipulagningu og umsýslu sjálfbærrar ferðaþjónustu á þeim áfangastöðum þar sem fyrirtækið er virkast.</p>	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>SAMVINNA UM MARKMIÐIN</p>

HLUTI B: Háþörkun félagslegs og efnahagslegs ávinnings fyrir nærsamfélagið og lágmörkun skaðlegra áhrifa		
<p>B1 Samfélagslegur stuðningur</p> <p>Fyrirtækið styður framtaksverkefni fyrir staðbundna innviði og samfélagslega þróun með virkum hætti. Sem dæmi um framtaksverkefni má nefna fræðslu, þjálfun, heilbrigðis- og hreinlætisverkefni og verkefni sem er ætlað að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið styður við framtaksverkefni innan nærsamfélaga á svæðum þar sem þar sem fyrirtækið er með mikla starfsemi. b. Umfang og eðli framlaga fyrirtækisins til verkefna sem er ætlað að efla nærsamfélagið eru skráð. c. Við val á þjónustuveitendum og vörum/upplifunum sem fyrirtækið býður upp á leggur fyrirtækið áherslu á vörur/upplifanir sem eru í virkum tengslum við og styðja við nærsamfélagið. 	<p>HEILSA OG VELLÍÐAN</p> <p>MENNTUN FYRIR ALLA</p> <p>NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING</p>
<p>B2 Staðbundið atvinnulíf</p> <p>Íbúar á svæðinu fá jöfn tækifæri til atvinnu og framvindu í starfi, þar á meðal í stjórnunarstöðum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið leitast við að veita íbúum á svæðinu atvinnutækifæri í rekstri sínum og starfsemi. b. Fyrirtækið fylgist með umfangi og hlutfalli starfa sem það býður íbúum á svæðinu. c. Boðið er upp á starfsþjálfun fyrir íbúa á svæðinu í því skyni að auka atvinnutækifæri þeirra. d. Við val á þjónustuveitendum og vörum/upplifunum sem fyrirtækið býður upp á leggur fyrirtækið áherslu á vörur/upplifanir sem auka atvinnutækifæri á viðkomandi svæði. 	<p>GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR</p> <p>AUKINN JÖFNUÐUR</p>
<p>B3 Staðbundin innkaup</p> <p>Við innkaup og sölu á vöru og þjónustu veitir fyrirtækið staðbundnum birgjum og birgjum sem stunda sanngjörn viðskipti forgang (e. fair trade) þegar slíkir birgjar eru til staðar og framboð er nægt.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið fylgist reglulega með uppruna þeirrar vöru- og þjónustu sem það býður upp á. b. Við val á þjónustuveitendum og vörum/upplifunum sem fyrirtækið býður upp á leggur fyrirtækið áherslu á vörur/upplifanir rekstraraðila sem eru í eigu og rekstri íbúa á staðnum. 	<p>ENGIN HUNGURSNEYÐ</p> <p>GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>B4 Frumkvöðlar á staðnum</p> <p>Fyrirtækið styður frumkvöðla á staðnum við þróun og sölu sjálfbærrar vöru og þjónustu sem grundvallast á náttúru, sögu og menningu á svæðinu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Eftir því sem við á veitir fyrirtækið þjónustuveitendum á staðnum, sem það er í samstarfi við, ráðgjöf og stuðning varðandi gæði og sjálfbærni þjónustunnar. b. Hugað er að möguleikum á samstarfsverkefnum og samstarfi við frumkvöðla á staðnum þar sem við á. 	<p>GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>B5 Misbeiting og áreitni</p> <p>Fyrirtækið hefur innleitt stefnu gegn viðskiptalegri, kynferðislegri eða annars konar</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið hefur sett sér skjalfesta stefnu gegn misbeitingu og áreitni hvað varðar berskjaldaða hópa. 	<p>JAFNRÉTTI KYNJANNA</p>

<p>misbeitingu eða áreitni, einkum er varðar börn, ungmenni, konur, minnihlutahópa og aðra berskjaldaða hópa.</p>	<ul style="list-style-type: none"> b. Aðgerðum er beitt til að miðla stefnunni og innleiða hana. c. Fyrirtækið á í samstarfi við nærsamfélagið á þeim áfangastöðum þar sem starfsemi er mikil í því skyni að koma í veg fyrir misbeitingu og áreitni. a. Skrár yfir aldur starfsmanna eru haldnar og sýnt er fram á með skýrum hætti að engin barnavinna (eins og hún er skilgreind af Alþjóðavinnuárástofnuninni) sé til staðar. b. Fyrirtækið styður aðgerðir gegn kynlífsferðamennsku sem snýr að börnum. c. Ekki verður gerður verkkaupasamningur við þjónustuveitendur eða rekstraraðstöðu ef einhverjar vísbendingar eru um að misbeiting eigi sér stað. 	<p>AUKINN JÖFNUÐUR</p> <p>FRÍÐUR OG RÉTTLÆTI</p>
<p>B6 Jöfn tækifæri</p> <p>Fyrirtækið býður upp á jöfn tækifæri, þ.m.t. í stjórnunarstörfum, án mismununar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar eða nokkurs annars.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið hefur greint tiltekna hópa sem sérstaklega berskjaldaðir gagnvart mismunun; þeirra á meðal konur og minnihlutahópa á staðnum. b. Fylgst er með hlutfalli starfsmanna sem tilheyra þessum hópum. c. Meðal starfsmanna sem fá stöðuhækkanir innan fyrirtækisins eru einstaklingar úr þessum hópum. 	<p>JAFNRÉTTI KYNJANNA</p> <p>AUKINN JÖFNUÐUR</p>
<p>B7 Viðunandi starfsaðstæður</p> <p>Réttindi starfsfólks eru virt, öruggt og traust starfsumhverfi er tryggt og starfsfólk fær laun sem í hið minnsta duga til framfærslu. Starfsmönnum stendur til boða regluleg þjálfun, reynsla og tækifæri sem auka árangur í starfi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið sýnir að það er meðvitað um og fylgir alþjóðlegum vinnuverndarstöðlum og -reglugerðum. b. Fylgst er með launakjörum og þau endurskoðuð reglulega með hliðsjón af viðmiðum um framfærslu í viðkomandi landi. c. Skrá yfir námskeiðssókn er haldin fyrir allt starfsfólk, sem sýnir hversu oft og á hvaða stigi viðkomandi starfsmaður fékk fræðslu og þjálfun. d. Ráðningarsamningar endurspeglar metnað til að tryggja heilsu og félagslegt öryggi. e. Vatn, hreinlætisaðstaða og salernisaðstaða er til staðar fyrir allt starfsfólk á vettvangi. f. Fylgst er með ánægju starfsmanna. g. Ferli til að vinna úr óánægjufernum starfsfólks er til staðar. 	<p>ENGIN FÁTÆKT</p> <p>MENNTUN FYRIR ALLA</p> <p>GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR</p>
<p>B8 Samfélagsþjónusta</p> <p>Starfsemi fyrirtækisins stofnar ekki veitingu grunnþjónustu, svo sem dreifingu matvæla, vatns- og orkuveitu, heilsugæslu eða</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið fylgist með áhrifum starfseminnar á framboð staðbundinnar þjónustu á helstu athafnasvæðum / heimsóttum svæðum. 	<p>HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTAÐA</p>

<p>hreinsunarþjónustu, í hættu innan nágrennasamfélaga.</p>	<p>b. Samskipta-/athugasemda-/kvörtunarferli er til staðar fyrir samfélög á helstu athafnasvæðum / heimsóttum svæðum.</p> <p>c. Brugðist er við hvers konar skerðingu á grunnþjónustu innan nærsamfélagsins sem rekja má til starfsemi fyrirtækisins.</p>	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>B9 Lífsviðurværi á hverjum stað</p> <p>Starfsemi fyrirtækisins hefur ekki neikvæð áhrif á möguleika íbúa á svæðinu til að afla sér lífsviðurværis, þar á meðal nýtingu auðlinda á landi og í vatni, samgöngur og húsakost.</p>	<p>a. Tekið er tillit til staðbundins aðgangs að leiðum til lífsviðurværis við ákvarðanir um þróun og rekstur.</p> <p>b. Samskiptaleiðir eru til staðar sem nærsamfélög geta nýtt til að tilkynna öll tilvik þar sem staðbundinn aðgangur að leiðum til lífsviðurværis hefur minnkað á helstu athafnasvæðum / heimsóttum svæðum.</p>	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>

HLUTI C: Hámarksávinningur af menningararfi og lágmarksáhrifa skaðlegra áhrifa		
<p>C1 Samskipti menningarsamfélaga</p> <p>Í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif og hámarka staðbundinn ávinning og ánægju gesta, starfar fyrirtækið í samræmi við góðar starfsvenjur á alþjóðlegum og innlendum grundvelli sem og samþykktar viðmiðunarreglur um umsjón og kynningu á heimsóknum í samfélög innfæddra eða á menningarlega eða sögulega viðkvæma staði.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið sýnir fram á meðvitund um og fylgni við fyrirbyggjandi góðar starfsvenjur á alþjóðlegum og innlendum grundvelli, sem og viðmiðunarreglur um heimsóknir ferðamanna á menningarmínjastaði og samfélög innfæddra. b. Fyrirtækið á samstarf við samfélög/svæði við að yfirfara, semja og samþykkja viðmiðunarreglur eftir þörfum. c. Viðmiðunarreglur eru notaðar og þeim miðlað á skilvirkan hátt. d. Sérstakar ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir óviðeigandi samskipti við börn. e. Fyrirtækið tekur þátt í/styður við þjálfun og notkun staðbundinna leiðsögumanna. f. Tillit er tekið til þols, viðkvæmni og álags á svæði og samfélög við ákvörðun á hópastærðum, tíðni og tímasetningum hópheimsókna. g. Við hvetjum samfélög og gesti til að senda inn ábendingar svo við getum brugðist við þeim. 	<p>MENNTUN FYRIR ALLA</p> <p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>C2 Verndun menningararfs</p> <p>Fyrirtækið stuðlar að verndun, varðveislu og endurbótum á staðbundnum eignum, svæðum og hefðum sem hafa sögulegt, fornleifafræðilegt, menningarlegt og andlegt gildi og hindrar ekki aðgang íbúa að þeim.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið veitir og skráir fjárframlög til verndar menningararfs á helstu athafnasvæðum / heimsóttum svæðum. b. Fyrirtækið veitir framlög í fríðu eða annars konar aðstoð við varðveislu menningararfs á helstu athafnasvæðum / heimsóttum svæðum. c. Fyrirtækið tryggir að starfsemi þess hindri ekki aðgang íbúa að svæðum. 	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p>
<p>C3 Kynning á menningu og arfleifð</p> <p>Fyrirtækið upphefur og sameinar ósvikna þætti úr jafnt nýrri sem eldri menningu í öllum rekstri sínum, hönnun, skreytingum, matargerð og verslunum, að teknu tilliti til hugverkaréttinda samfélaga á staðnum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Svæði sem eru heimsótt og upplifanir sem boðið er upp á veita ósvikna upplifun af menningu og arfleifð staðarins. b. Menningararfur og hefðir birtast með skýrum hætti í matargerð, söluvarningi, viðburðum og annarri þjónustu sem boðið er upp á. c. Tillit hefur verið tekið til höfundar- og hugverkaréttar og allra nauðsynlegra leyfa verið aflað. d. Við kynningu á menningararfi staðarins hefur verið leitast eftir og byggt á sjónarmiðum samfélagsins. 	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>C4 Munir</p> <p>Munir sem búa yfir sagnfræðilegu og fornleifafræðilegu gildi eru hvorki seldir né sýndir nema í samræmi við staðbundin og alþjóðleg lög.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Öll notkun muna er gagnsæ og/eða skjalfest og tilkynnt. b. Í þeim tilfellum sem munir eru notaðir hafa viðeigandi lög og aukalög sem heimila slíka notkun verið tilgreind. 	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p>

	c. Komið er í veg fyrir að gestir fjarlægi eða skemmi muni.	
--	---	--

HLUTI D: Hámarks ávinnings fyrir umhverfið og lágmarks skaðlegra áhrifa		
D1 Varðveisla auðlinda		
<p>D1.1 Umhverfisvænni kaup</p> <p>Innkaupastefnan leggur áherslu á viðskipti við/með umhverfislega sjálfbæra birgja og vörur, þ.m.t. fjárfestingarvörur, mat, drykki, byggingarefni og neysluvörur.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Skjalfest innkaupastefna með áherslu á umhverfisvernd liggur fyrir. b. Vörur og birgjar með umhverfisvottun hafa forgang – einkum með tilliti til viðar, pappírs, fíks, annarra matvæla og afurða úr náttúrunni. c. Ef vottaðar vörur eru ekki fáanlegar í einhverjum tilvikum er hugað að uppruna og aðferðum við ræktun eða framleiðslu. d. Tegundir í útrýmingarhættu eru hvorki notaðar né seldar. e. Þjónustuveitendur og aðrir rekstraraðilar sem valdir eru og koma að ferðum eru með umhverfis-/sjálfbærnivottun þar sem því verður við komið. f. Ef vottuð fyrirtæki eru ekki til staðar er tillit tekið til árangurs þjónustuveitenda í sjálfbærni og nauðsynlegar úrbætur kynntar og innleiddar. 	<p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>D1.2 Skilvirk kaup</p> <p>Fyrirtækið vandar til innkaupa á neysluvörum og einnota vörum, þ.m.t. matvælum, til að lágmarka sóun.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Áhersla er lögð á kaup á endurnýtanlegum, skilgaldsskyldum og endurunnum vörum. b. Umsjón og eftirlit er haft með kaupum og notkun á neyslu- og einnota vörum. c. Forðast skal óþarfa umbúðir (sérstaklega úr plasti) með því að kaupa vörur í lausu ef hægt er. 	<p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>D1.3 Orkusparnaður</p> <p>Orkunotkun er mæld eftir tegund og gripið er til aðgerða til að lágmarka heildarnotkun. Fyrirtækið leggur sig fram um að auka notkun á endurnýjanlegri orku.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Umsjón og eftirlit er haft með þeirri orku sem notuð er í starfsemi fyrirtækisins og sem fyrirtækið hefur bein áhrif á / yfirráð yfir. b. Endurnýjanlegir orkugjafar eru ákjósanlegir og umsjón og eftirlit er haft með hluta endurnýjanlegrar orku af heildarorku. c. Notast er við búnað og aðferðir sem lágmarka orkunotkun. d. Markmið um að draga úr orkunotkun liggja fyrir. e. Starfsfólk og gestir fá leiðbeiningar um hvernig má lágmarka orkunotkun. 	<p>SJÁLFBÆR ORKA</p>
<p>D1.4 Verndun vatns</p> <p>Vatnshætta er metin, vatnsnotkun er mæld eftir tegund og gripið er til aðgerða til að lágmarka heildarnotkun. Vatns ef aflað er</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Vatnshætta hefur verið metin og skráð á helstu áfangastöðum sem eru heimsóttir. 	<p>HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTAÐA</p>

<p>sjálfbærum hætti sem hefur ekki skaðleg áhrif á náttúrulegt vatnsflæði. Á svæðum þar sem vatnshætta er mikil eru lögð fram markmið um samhengismiðaða vatnsstýringu sem stefnt er að.</p>	<ul style="list-style-type: none"> b. Á áfangastöðum þar sem vatnshætta var metin mikil hafa verið lögð fram markmið um vatnsstýringu. c. Umsjón og eftirlit er haft með því vatni sem notað er í starfsemi fyrirtækisins og sem fyrirtækið hefur bein áhrif á / yfirráð yfir. d. Notast er við búnað og aðferðir sem lágmarka vatnsnotkun. e. Vatn kemur úr löglegu og sjálfbæru vatnsbóli sem hefur ekki haft áhrif á náttúrulegt vatnsflæði og er ólíklegt að muni gera það í framtíðinni. f. Tillit er tekið til samanlagðra áhrifa ferðaþjónustu á vatnsból á staðnum. g. Markmið um að draga úr vatnsnotkun liggja fyrir. h. Starfsfólk og gestir fá leiðbeiningar um hvernig má lágmarka vatnsnotkun. 	
--	---	--

HLUTI D: Hámarks ávinnings fyrir umhverfið og lágmarks skaðlegra áhrifa		
D2 Að draga úr mengun		
<p>D2.1 Losun gróðurhúsalofttegunda</p> <p>Gert hefur verið grein fyrir öllum losunaruppsprettum í umsjón fyrirtækisins sem stuðla að verulegri losun gróðurhúsalofttegunda. Útreikningar á losun hafa verið gerðir þar sem hægt er og verklagsreglur innleiddar til að koma í veg fyrir eða lágmarka hana. Hvatt er til þess að eftirstandandi losun fyrirtækisins verði kolefnisjöfnuð.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Umsjón og eftirlit er haft með allri beinni og óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækisins, sem og losun sem fyrirtækið hefur bein áhrif á / yfirráð yfir. b. Umsjón og eftirlit er haft með kolefnisspori hvers ferðamanns/gistinætur. c. Gripið er til aðgerða til að koma í veg fyrir og draga úr verulegri árlegri losun allra losunaruppspretta í umsjón fyrirtækisins. d. Gripið er til aðgerða til að hvetja vörubirgja og þjónustuveitendur til að forðast og draga úr verulegri árlegri losun. e. Gripið er til kolefnisjöfnunaraðgerða þar sem því verður við komið. 	<p>ADGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM</p>
<p>D2.2 Samgöngur</p> <p>Fyrirtækið leitast við að draga úr mengandi samgöngum og hvetur viðskiptavinum, starfsmenn, birgja og eigin rekstur til að nýta sér hreini og skilvirkari úrræði.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Þar sem það er raunsætt og gerlegt eru hreinustu og skilvirkustu samgöngukostirnir nýttir í tengslum við ferðaáætlanir og skoðunarferðir. b. Viðskiptavinir eru upplýstir um vistvæna samgöngukosti þar sem þeir eru í boði. c. Gestum og starfsfólki er boðið upp á vistvænar samgöngur (t.d. hjólaleigu, samnýtingu bíla, skutluþjónustu) eða þeim auðveldað að nýta þær. d. Áhersla er lögð á að versla aðföng hjá aðilum sem eru skammt frá og hægt er að komast á með því að nýta sjálfbærar samgöngur. e. Staðbundnir birgjar eru ákjósanlegastir og leitast er við að lágmarka notkun á samgöngum við daglegan rekstur. 	<p>SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p> <p>ADGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM</p>
<p>D2.3 Frárennslisvatn</p> <p>Frárennslisvatn, þ.m.t. skólpl, er meðhöndlað á skilvirkan hátt og er aðeins endurnotað eða losað á þann hátt að það hafi engin skaðleg áhrif á íbúa á staðnum eða umhverfið.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið er meðvitað um fyrirkomulag skólphreinsunar á helstu áfangastöðum sem heimsóttir eru og leitast við að efla úrbætur þar sem það er nauðsynlegt og mögulegt. b. Skólpl frá starfsemi fyrirtækisins og starfsemi sem fyrirtækið hefur bein áhrif á / yfirráð yfir er losað á samþykktari skólphreinsistöð á vegum sveitarfélags eða stjórnvalda, ef hún er til staðar. c. Á þeim stöðum þar sem viðeigandi skólphreinsistöð er ekki aðgengileg hefur kerfi (sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um gæði skólps) verið komið upp fyrir 	<p>HEILSA OG VELLÍÐAN</p>

	meðhöndlun skólps sem tryggir að íbúar og umhverfi verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum.	
<p>D2.4 Úrgangur í föstu formi</p> <p>Magn úrgangs, þ.m.t. matarúrgangs, er mælt og fyrirkomulag er til staðar til að draga úr úrgangi eða endurnýta hann ef ekki er hægt að draga úr honum. Leifar eftir förgun úrgangs hafa engin skaðleg áhrif á íbúa á staðnum eða umhverfið.</p>	<p>a. Fyrirtækið er meðvituð um fyrirkomulag sorphreinsunar á helstu áfangastöðum sem heimsóttir eru og leitast við að efla úrbætur þar sem það er nauðsynlegt og mögulegt.</p> <p>b. Sorphreinsunaráætlun fyrir starfsemi fyrirtækisins liggur fyrir sem og hverja þá starfsemi sem fyrirtækið hefur bein áhrif á / yfirráð yfir.</p> <p>c. Sorphreinsunaráætlunin felur í sér aðgerðir til að draga úr, aðskilja og endurnýta eða endurvinnna matarúrgang eftir bestu getu.</p> <p>d. Förgun úrgangs fer fram á ríkisrekinni eða samþykktri vinnslustöð og gögn benda til þess að stöðin hafi engin skaðleg áhrif á umhverfið eða íbúa á staðnum.</p> <p>e. Úrgangur sem er fargað er mældur í samræmi við gerð og markmið um að lágmarka óendurvinnanlegan úrgang liggja fyrir.</p> <p>f. Viðskiptavinir, starfsfólk og vörubirgjar og þjónustuveitendur fá leiðbeiningar um hvernig má lágmarka úrgang.</p>	<p>HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTAÐA</p>
<p>D2.5 Skaðleg efni</p> <p>Notkun skaðlegra efna, þ.m.t. skordýraeiturs, málningar, sóttþreinsiefna og hreinsiefna, er haldið í lágmarki og skipt út fyrir skaðlausar vörur eða ferli þegar mögulegt er. Öll geymsla, notkun, meðhöndlun og förgun iðefna fer fram á viðeigandi hátt.</p>	<p>a. Skrá yfir skaðleg efni og öryggisblöð (MSDS) liggja fyrir.</p> <p>b. Ráðstafanir hafa verið gerðar í því skyni að finna umhverfisvænni valkosti.</p> <p>c. Íðefni, sér í lagi þau sem eru í lausu, eru geymd og meðhöndluð í samræmi við viðeigandi staðla.</p> <p>d. Gestir eru beðnir fyrirfram um að nota ekki snyrtivörur og önnur efni í persónulegri eigu sem gætu talist skaðleg umhverfi staðarins.</p>	<p>ENGIN HUNGURSNEYÐ</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p>D2.6 Lágörkun mengunar</p> <p>Fyrirtækið innleiðir aðferðir í því skyni að lágmarka mengun frá hávaða, birtu, afrennsli, landrofi, ósoneyðandi efnum og mengunarvöldum í lofti, vatni og jarðvegi.</p>	<p>a. Borin hafa verið kennd á hugsanlega mengunarvalda sem viðmiðin taka tillit til og hafa þeir verið endurskoðaðir.</p> <p>b. Eftirlit er haft með hugsanlegum mengunarvöldum sem viðmiðin taka tillit til.</p> <p>c. Gripið er til aðgerða til að lágmarka og koma í veg fyrir (eftir því sem mögulegt er) mengun af þeim völdum sem viðmiðin taka tillit til.</p>	<p>HEILSA OG VELLÍÐAN</p> <p>ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>

HLUTI D: Hámarks ávinnings fyrir umhverfið og lágmarks skaðlegra áhrifa		
D3 Varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni, vistkerfa og náttúru		
<p>D3.1 Varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni</p> <p>Fyrirtækið styður og stuðlar að varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika, m.a. með tilhlýðilegri eignastýringu. Sérstök áhersla er lögð á verndarsvæði og svæði sem hafa mikla þýðingu fyrir líffræðilega fjölbreytni. Allri röskun á náttúrulegum vistkerfum er haldið í lágmarki, þeim komið aftur í rétt horf og jöfnunarframlag greitt í þágu náttúruverndar í kjölfar röskunar.</p>	<ol style="list-style-type: none"> Fyrirtækið hefur skilning á því hvaða svæði af þeim sem eru heimsótt, eru verndarsvæði eða svæði sem hafa mikla þýðingu fyrir líffræðileg fjölbreytni. Fyrirtækið veitir og skrásetur fjárhagslegan stuðning fyrir varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika á helstu athafnasvæðum / heimsóttum svæðum. Fyrirtækið veitir og skrásetur framlög í fríðu eða annars konar aðstoð við varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika á helstu athafnasvæðum / heimsóttum svæðum. Umsjón fasteigna í eigu eða umsjón fyrirtækisins og eignir sem það hefur bein áhrif á / yfirráð yfir er stýrt á þann hátt að það styðji við varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Fyrirtækið hefur skilning á athæfi sem getur raskað villtu dýralífi og búsvæði þess og lágmarkar slíkt athæfi. Bætur eru greiddar ef raskanir verða. Gripið er til aðgerða í þeim tilgangi að hvetja gesti til að styðja við varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Fyrirtækið starfar ásamt frjálsum félagsamtökum í þágu náttúruverndar á helstu athafnasvæðum / heimsóttum svæðum. 	<p>LÍF Í VATNI</p> <p>LÍF Á LANDI</p>
<p>D3.2 Ágengar tegundir</p> <p>Fyrirtækið gerir ráðstafanir til að forðast aðflutning ágengra tegunda. Innlendir tegundir eru notaðar við landslagsmótun og endurreisn þar sem mögulegt er, sér í lagi í náttúrulegu landslagi.</p>	<ol style="list-style-type: none"> Eftirlit er haft með eignum í eigu eða umsjón fyrirtækisins og eignum sem það bein áhrif á / yfirráð yfir, í þeim tilgangi að fylgjast með uppkomu ágengra tegunda. Gripið er til aðgerða til að tryggja að ágengar tegundir berist ekki inn á svæðið eða dreifist. Áætlun um útrýmingu og varnir gegn ágengum tegundum liggur fyrir. Farið er yfir landslagsmótun staða til að gera grein fyrir notkun innlendra tegunda. 	<p>LÍF Í VATNI</p> <p>LÍF Á LANDI</p>
<p>D3.3 Heimsóknir á náttúruinjasvæði</p> <p>Fyrirtækið fylgir viðeigandi viðmiðunarreglum varðandi umsjón og kynningu á heimsóknum á svæði sem geyma náttúruperlur til að lágmarka skaðleg áhrif og hámarka ánægju gesta.</p>	<ol style="list-style-type: none"> Fyrirtækið er meðvitað um og fylgir gildandi viðmiðunarreglum um heimsóknir ferðamanna á svæði sem geyma náttúruperlur. Viðmiðunarreglum er fylgt við heimsóknir og upplýsingagjöf til gesta. Fyrirtækið á í samstarfi við varðveislustofnanir á staðnum til að greina vandamál varðandi heimsóknir á tiltekna staði. 	<p>LÍF Í VATNI</p> <p>LÍF Á LANDI</p>

	<ul style="list-style-type: none"> d. Fyrirtækið tekur þátt í/styður við þjálfun og notkun staðbundinna leiðsögumanna á náttúruminjasvæðum. e. Tillit er tekið til þols, viðkvæmni og álags á náttúruminjasvæði við ákvörðun á hópastærðum, tíðni og tímasetningum hópheimsókna. 	
<p>D3.4 Samskipti við villt dýr</p> <p>Með tilliti til samanlagðra áhrifa valda samskipti við villt dýr ekki röskun og fara fram á ábyrgan hátt með það að markmiði að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á dýrið/-in sem og lífvænleika og hegðun stofna í náttúrunni.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið er meðvitað um og fylgir gildandi staðbundnum, landsbundnum og alþjóðlegum reglugerðum og viðmiðum um samskipti við villt dýr, þ.m.t. hvað varðar skoðun á dýralífi. b. Byggt á ráðleggingum sérfræðinga á sviði villtra dýra vinnur fyrirtækið að þróun og innleiðingu staðbundinna reglna og viðmiða um samskipti við villt dýr, þ.m.t. skoðun á dýralífi, eftir því sem þörf krefur. c. Fyrirtækið tryggir að allir þjónustuveitendur og staðir sem eru heimsóttir fylgi gildandi staðbundnum, landsbundnum og alþjóðlegum reglugerðum og viðmiðum um samskipti við villt dýr, þ.m.t. hvað varðar skoðun á dýralífi. d. Bein samskipti, sér í lagi fóðrun, ætti ekki að vera leyfð nema það sé sérstaklega viðurkennt af alþjóðlega viðurkenndum stöðlum eða, ef staðlar eru ekki tiltækir, undir handleiðslu óháðra sérfræðinga á sviði villtra dýra. e. Ráðstafanir eru gerðar í því skyni að lágmarka röskun á dýralífi. f. Reglulega er fylgst með og fjallað um þætti sem hafa áhrif á velferð villtra dýra. 	<p>LÍF Í VATNI</p> <p>LÍF Á LANDI</p>
<p>D3.5 Dýravelferð</p> <p>Ekkert villt dýr er keypt, ræktað eða haldið föngnu nema slíkt sé gert af viðurkenndum einstaklingum með viðeigandi búnað og fyrir tilhlýðilega eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við staðbundin og alþjóðleg lög. Húsnæði, umhirða og meðhöndlun allra villtra dýra og húsdýra uppfyllir ströngustu kröfur um velferð dýra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið er meðvitað um og fylgir viðeigandi lögum og reglugerðum er varða villt dýr í haldi. b. Fyrirliggjandi viðmið fyrir tiltekna ferðþjónustu sem felur í sér villt dýr í haldi hafa verið innleiddar. c. Starfsfólk sem ber ábyrgð á villtum dýrum í haldi hefur viðeigandi menntun og reynslu og hefur fullt leyfi til að sinna starfinu. d. Fyrirtækið er meðvitað um og fylgir viðeigandi lögum og reglugerðum er varða dýravelferð. e. Fyrirtækið tryggir að allir þjónustuveitendur og staðir sem heimsóttir eru fari að viðeigandi lögum, reglugerðum og viðmiðum um villt dýr í haldi og dýravelferð. f. Regluleg skoðun fer fram á aðstæðum villtra dýra sem eru í haldi og húsakosti þeirra. g. Regluleg skoðun fer fram á aðstæðum húsdýra og húsakosti þeirra. 	<p>LÍF Í VATNI</p> <p>LÍF Á LANDI</p>

<p>D3.6 Veiðar og sala á villtum dýrum</p> <p>Villt dýr eru ekki veidd, þeirra neytt, þau sýnd, seld eða verslað með þau nema það sé hluti af eftirlitsskyldri starfsemi sem tryggir að nýting þeirra sé sjálfbær og í samræmi við staðbundin og alþjóðleg lög.</p>	<ol style="list-style-type: none"> a. Fyrirtækið er meðvitað um og fylgir viðeigandi lögum og reglugerðum er varða veiðar og sölu á villtum dýrum. b. Fyrirtækið tryggir að allir þjónustuveitendur og staðir sem heimsóttir eru fari að viðeigandi lögum og reglugerðum um veiðar og sölu á villtum dýrum. c. Gestir og leiðsögumenn eru upplýstir um reglugerðir varðandi veiðar, neyslu og sölu á villtum dýrum og um nauðsyn þess að forðast að kaupa ólöglegar vörur/minjagripi af dýrategundum sem eru í útrýmingarhættu og ICUN eða CITES hefur tilkynnt. d. Þar sem veiði er lögleg byggir hún á vísindalegum grundvelli og fer fram á viðeigandi hátt og í samræmi við ströng viðmið um varðveislu. 	<p>LÍF Í VATNI</p> <p>LÍF Á LANDI</p>
--	--	---------------------------------------